



Borgarstjórn Reykjavíkur
26. maí 2026

Tillaga borgarfulltrúanna Kjartans Magnússonar og Mörtu Guðjónsdóttur (óháðra) um endurskoðun á götuheitum við Nýja Landspítalann

Lagt er til að nöfn á götum við Nýja Landspítalann verði endurskoðuð með það fyrir augum að þær verði kenndar við heilbrigðisstarfsfólk sem lagt hefur stóran skerf af mörkum í þágu lækninga og hjúkrunar.

Greinargerð

Á deiliskipulagi nýja Landspítalans eru komin nöfn á nýjar götur. Ein heitir Hrafnsgata og er þar væntanlega vísað til Hrafns Sveinbjarnarsonar sem stundaði lækningar eins og sagt er frá í Sturlungasögu. Inn á gömlu lóðinni eru Hildigunnargata og Freydísargata.

Á nýrri hluta lóðarinnar eru götunöfn kennd við jurtir. Þær heita Hvannar-, Blóðbergs-, Burkna- og Fífilsgata. Þau nöfn hafa ekki tengingar við það starf sem þarna fer fram. Vert væri að minnast heilbrigðisstarfsfólk, fyrr og síðar, sem lagt hefur stóran skerf af mörkum í þágu lækninga og hjúkrunar og nefna göturnar eftir þeim.

Í því sambandi má nefna Bjarna Pálsson, Niels P. Dungal, Helga Ingvarsson, Kristínu Ólafsdóttur og nóbelsverðlaunahafann Niels Finsen.

Niels Finsen hlaut Nóbelsverðlaunin í læknisfræði árið 1903 en það afrek hans er flestum gleymt. Ekki ómerkara fólk en Marie Curie og Björnstjerne Björnsson hlutu sömu verðlaun það ár. Faðir Nielsar var íslenskur, Hannes Finsen, en móðir hans, Johanne Formann, var dönsk. Niels lauk stúdentsprófi frá Lærða skólanum í Reykjavík árið 1882 og síðan embættisprófi í læknisfræði frá háskólanum í Kaupmannahöfn. Rannsóknir hans á áhrif sólar á heilsu fólks þóttu byltingarkenndar. Niels lést árið 1904, 43ja ára að aldri. Í þessum heimsálfum má finna götur sem kenndar eru við Niels Finsen. Hér er hans ekki minnst.

Aðaltorg Landspítalareitsins er einungis nefnt Aðaltorg á uppdráttum en sjálfsagt að það hljóti heiti og verði kennt við nóbelsverðlaunahafann.